

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd

Sent í umsagnargátt Alþingis

Reykjavík, 9. október 2025

Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um frumvarp til laga um stafrænan viðnámsþrótt fjármálamarkaðar, 99. mál

Með tölvupósti frá nefndasviði Alþingis, þann 26. september sl., var Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) sent til umsagnar ofangreint mál.

Íslenskir lífeyrissjóðir falla ekki undir evrópskt regluverk um starfstengda lífeyrissjóði (IORP) og því ekki undir gildissvið DORA en lífeyrissjóðum er verulega umhugað um upplýsinga- og netöryggi og styðja samkvæmt því markmið fyrirhugaðra laga og gera ekki athugasemdir við að helstu ákvæði DORA verði innleidd í lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Engu að síður er afar mikilvægt að tekið sé tillit til uppbyggingar íslenskra lífeyrissjóða sem er á margan hátt afar ólík starfsemi hefðbundinna banka og tryggingarféлага. Því er mikilvægt að rými sé gefið til að setja reglur sem hannaðar eru að starfsemi íslenskra lífeyrissjóða.

Á vegum LL var haldinn kynningarfundur þann 30. september 2024 á kröfum DORA og í kjölfar þess kynningarfundar áttu fulltrúar LL fund í fjármála- og efnahagsráðuneytinu um málið og var þar m.a. farið yfir með hvaða hætti væri farsælast að innleiða helstu ákvæði DORA á íslenska lífeyrissjóði. LL styðja heilshugar þá aðferðafræði sem lögð er til með frumvarpinu, þ.e. að setja sérstök ákvæði í lífeyrissjóðalöggjöfina, sbr. 12. tölul. 14. gr. frumvarpsins.

Virðingarfyllt,
f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri